

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

|                            |                               |                                |                            |
|----------------------------|-------------------------------|--------------------------------|----------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 19.12.2016                    | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Matorka                       | <b>Eftirlitsmaður</b>          | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| <b>Heimili</b>             | Reitur I5, vestan Grindavíkur | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið                |
| <b>Kennitala</b>           | 500412-0540                   | <b>Flokkur</b>                 | Fiskeldi                   |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Stefanía Katrín Karlsdóttir   | <b>ÍSAT nr.</b>                | 03.21.0                    |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                               | <b>Staðsetning</b>             |                            |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var að byggingarsvæði stöðvarinnar á reit I5 við Grindavík og staðfest að engin starfsemi er hafin á svæðinu. Verið var að vinna jarðvinnu fyrir útiker. Reiknað er með því að fyrsti áfangi stöðvarinnar verði tilbúinn í mars/apríl 2017 og áætlað er að fiskur komi inn í stöðina fljótlega eftir það.

Rekstraraðili hefur sent inn afrit af tryggingaskríteini v. bráðamengunar hafs- og stranda skv. gr. 4.7 í starfsleyfi, vöktunaráætlun skv. gr. 5.1 og sett sér umhverfismarkmið skv. gr. 4.1 í starfsleyfi.

Rekstraraðili átti skv. gr. 3.3 í starfsleyfi að gera mælingar á frárennsli fyrir 1. ágúst 2015 og næstu mælingu átti að vera lokið fyrir árslok 2016. Síðan skal gera mælingar á 3ja ára fresti. Þar sem stöðin er enn í byggingu og engin framleiðsla hafin þá er minnt á að taka þarf mælingu á frárennsli áður en starfsemi hefst í stöðinni og þarf að senda niðurstöður þeirra mælinga til eftirlitsaðila. Næstu mælingu skal svo gera árið eftir og síðan á 3ja ára fresti eftir það.

Áætlun um rekstrarstöðvun og áhættumat- og viðbragðsáætlun hefur verið skilað til eftirlitsaðila með gæðahandbók fyrirtækisins.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Þetta er fyrsta eftirlit í stöðina en starfsleyfið var gefið út í janúar 2015.

Minnt er á að gera þarf mælingar í frárennsli áður en starfsemi hefst í stöðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.12.2016

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir